

Farþegar urðu að lenda á Akureyri og gistu þar

Þota Flugfélagsins sem var að koma frá Kaupmannahöfn og Ósló á laugardagskvöldið varð að lenda á Akureyri með farþegana. Ófært var í Reykjavík vegna hlíðarvinds og vegna þoku í Keflavík. Var þá flogið norður og gistu farþegar þar yfir nóttina og komu ekki fyrr en um hádegi á sunnudag til Reykjavíkur eftir óvæntan krók. Flugvélin hafði tekið farþegana á Gardemoen-flugvelli í stað Fornebu eins og venjan er því þoka var á Fornebu-flugvelli eins og í Keflavík.

Jólatörnin hjá þeim hjá Flugfélaginu er nú liðin, en meiri annir hafa verið í fluginu að þessu sinni en nokkru sinni áður.

—JBP—

„Stríð“ útvarpsráðsmanns og fréttamanns „Vænti aðgerða útvarpsstjóra“ — segir Tómas Karlsson, ritstjóri

„Ég tel, að þetta hljóti að draga dilk á eftir sér. Það er verkefni útvarpsstjóra að sjá um, að fréttamenn útvarps fari eftir reglum um óhlutdrægni. Það er fordæmanlegt, að þeir noti aðstöðu sína til að koma á framfæri persónulegum sköpunum sínum, sem eru fíranlegar og fjarri öllum staðreyndum“.

Þetta segir Tómas Karlsson ritstjóri Tímans og átelur Einar Karl Haraldsson fréttamann. Einar stjórnar þætti um fjölmiðla á laugardagskvöldum. Hann flutti um miðjan desember erindi í þessum þætti, þar sem fram kom gagnrýni á vestræna fjölmiðla. Tómas kveðst hafa haldið, að um „slys“ hefði verið að ræða, að erindi Einars var ekki vikið að fjölmiðlum í kommúnistaríkjum, og telur Tómas, að skilja hefði mátt af erindinu, að þetta væri sama súpan og fjölmiðlar í vestrænum ríkjum háðir sömu þvingunum og í austrænum ríkjum. Tómas fékk því að flytja erindi um fjölmiðla í Austur-Evrópu í þættinum síðastliðinn laugardag.

En að erindi Tómasar loknu, „svaraði“ Einar Karl ummælum hans á þann veg, að Tómas telur, að Einar hafi sagt, að umsögn sin væri vitleysa. Var það án vitundar Tómasar, að Einar Karl kom með athugasemdir sína, sem Tómas telur hafa verið „ósmekkelega“ og fjarri öllum staðreyndum um undirokun fjölmiðla í Austur-Evrópu.

Tómas Karlsson á sæti í útvarpsráði. — HH.

Fyrirverandi sendiherra snuppar ríkisstjórnina fyrir landhelgismálið: „Geysilegt veikleikamerki“

— segir Helgi P. Briem um þátttöku þriggja ráðherra í landhelgisviðræðum við Tweedsmuir

Ég hef aldrei heyrð neitt samþæfilegt við það á starfsferli mínum að þeir ráðherrar taki þátt í samningaviðræðum, eins og hér gerðist fyrir nokkru, þegar lafði Tweedsmuir, aðstoðarráðherra kom til viðræðna í landhelgismálinu, sagði Helgi P. Briem, fyrirverandi sendiherra í viðtali við Vísi í morgun, en hann gagnrýndi ríkisstjórnina harðlega í útvarpsþætti í gær fyrir framkomu í landhelgisviðræðunum.

Yfirleitt eru menn sammála

um það, að ekki er heppilegt, að ráðherrar taki þátt í svona samningaviðræðum, sagði Helgi. Þegar ráðherra talar, er hann svo bundinn af orðum sínum, að allar samningaviðræðurnar verða ósveigjanlegri, en ef lægra settir stjórn samningaviðræðunum. Lægra settum samningamönnum er hægt um vik að þreifa sig áfram í átt til samkomulags. Þeir geta alltaf skotið sér á bak við, að æstu stjórnvöld hafi ekki fallið á þær tilslakanir,

sem samninganefndin hafi komið með og svo framvegis.

Sendiherrann sagði, að það væri yfirleitt talin móðgun að senda til samningaviðræðna lægri settan mann en mótaðilinn tefdi fram. Eins væri það litillakkandi fyrir viðkomandi, ef teflt væri fram herra settum. Svo ekki sé nú talað um það, að þeir ráðherrar taki þátt í samningaviðræðum á móti einum aðstoðarráðherra. Þeir ráðherrar sitt í hvorum stjórnmalaflokkinum, sem hver pass-

ar upp á annan. — Þetta er geysilegt veikleikamerki, sagði Helgi.

Bretar eru ekki það skyni skroppnir, að þeir sjái ekki það ósamkomulag, sem hlýtur að liggja að baki þess að senda þrjá ráðherra til svona samningaviðræðna, sagði Helgi. — Það minnsta, sem hægt er að ætlast er, er að ríkisstjórnin sé búin að koma sér saman um afstöðu sína til viðræðnanna, en sé ekki að útkljá þetta fyrir fram- an erlendu sendinefndina. VJ.



Flöskuskeyti og einmanaleiki

Ungur þýskur sjómaður á Íslandsmiðum, væntanlega vel inni í nýju fiskveiðilögsögunni okkar, sendi frá sér flöskuskeyti 12. desember s.l., sem síðan rak á fjörur á Reykjanesi og fannst í gær. Hann óskar eftir að kynnast íslenskum stúlkun. — með hjónaband fyrir augum.

Hann setur SOS á keyti sitt og segir: Ungur sjó „björn“ 29 ára gamall. 168 á hæð og mjög,

mjög einmana, óskar eftir að kynnast ungri og laglegri stúlkun með hjónaband fyrir augum. Með þessu fylgdi nafn unga Þjóðverjans, Wolfgang Grämml (285) Bremerhaven, Hanseaten-Rederei, en hann er á skipinu FMS Heinrich Kern. Og nú er það bara spurningin hvort flöskuskeytið hjálpar þessum unga manni í einmanaleika hans? — JBP —

Apótek „standa höllum fæti“

— Reykjavíkur Apótek segir upp starfsfólkinu

Apótekarar segjast vera hart keyrdir af verðlagshömlum og apótek standi höllum fæti. Reykjavíkur Apótek, elzt fyrirtækja landsins, hefur sagt upp starfsfólki sínu.

Bláðið hefur frétt að öllum hafi verið sagt upp „nema einum“. Sigurður Ólafsson apótekari staðfesti, að starfsfólki hefði verið sagt upp. Hann vildi þó ekki segja, hve mörgum.

Það er mál apótekara, að þeim sé of þröngur stakkur skorinn um álagningu. Beiðni um hækkun liggur fyrir verðlagsnefnd, en

hefur ekki fengið samþykkt til þessa. Apótekarar benda á, að þeir þurfi að leggja mikið fé í stofnkostnað. Það kosti um tíu milljónir að koma sér upp apóteki, og þótt lán væru til tíu ára, yrðu þeir að greiða eina milljón á ári af hagnaði sínum í afborganir af lánum þessum.

Þeir segja, að ekki sé öll sagan sögð með því, að þeir hafi haft hagnað og verið í röð hæstu skattgreiðenda. Auðvitað þurfi hagnað til þess að unnt sé að standa undir stofnkostnaði.

—HH

Kitlandi gullæði að hefjast: Skipstjórnarnir fengu undir taglið

Þeir fengu margir undir taglið karlarnir í gær við fréttirnar af loðnuafli Eldborgar fyrir austan sagði Jóhannes Gíslason hjá Grandaradió í viðtali við Vísi í morgun. Þeir geta þó ekki orðið tilbúnir fyrr en eftir 2-3 daga. En þeir verða áreiðanlega einhverjir, sem fara út í vikunni, sagði Jóhannes.

Loðnuvertíðin hefst nú fyrr

hvert árið, sem liður eins og sildarvertíðin gerði á sínum tíma.

Í fyrra fóru fyrstu bátar út 21. janúar, en nú má ætla að fyrstu bátar verði komnir út í kringum 10. janúar. Ekki er ósennilegt að margir séu óþolinmóðir að loðnuvertíðin hefjist og að eftirvæntingin í gullæðið kitli menn.

—VJ

LÉTU HANDTAKA HÚSBÆNDURNA

Tvær húsmæður í Arbæjarhverfinu urðu leiðar á eiginmönnum sínum nú um helgina og létu því fjarlægja þá. Höfðu konurnar hringt í lögregluna og beðið um að húsbændurnir yrðu teknir, en þeir höfðu fengið sér einum af mikið í staupinu. Í báðum tilfellunum varð að taka mennina og setja þá

í járn, en þeir kærðu sig ekkert um að yfirgefa konu og heimilið.

Að sögn lögreglunnar, er það algengt að eiginkonur láti fjarlægja bændur sína, ef þeir gerast óviðráðanlegir vegna drykkju. Oft tekst að miðla málum, en svo var ekki í þetta skipti og varð því að taka mennina. —PM—

ANNAR VEIÐI — HINN HORFI Á

— klippt úr þremur um helgina

Hull-togarinn Lancella bað brezka flotann um aðstoð, þegar varðskip hafði afskipti af togaranum, segir í skeyti frá fréttastofunni Associated Press. Fréttastofan segir, að talsmaður ráðuneytis í London hafi skýrt frá, að „brezka freigáta hafi verið látin vita“ um hjálparbeiðni togarans, en varðskipið hafi horfið frá.

Brezka eftirlitsskipið Ranger Brisseis er tekið að leiðbeina togurunum í landhelgisbrotum. Þetta gerðist um helgina, þegar eftirlitsskipið gaf togurum

abendingar um, hvornig þeir skyldu verjast varðskipinum.

Var þeim sagt, að þeir skyldu halda sig tveir og tveir saman og annar togarinn væri við veiðar, en hinn „verði“ hann gegn varðskipinu. Með þessu, sagði eftirlitsskipið, mundi veiðitíminn að sjálfsgöðu minnka, þar sem tvo togara þyrfti til að einn gæti veitt. Hins vegar veitti þetta öryggi.

Varðskip gerðu mikla atögu að landhelgisbrjótum um helgina. Egir skar á annan togvir vesturþýzka togarans Berlin frá Bremerhaven kl. 13.10 á laugar-

dag. Togarinn var að veiðum 37,7 sjómilur suður af Stokksnesi. Var honum fyrirskipað að hifa inn veiðarfæri sín. Hann sinnti ekki itrekuðum aðvörnum. Þetta er um 930 tónna verkmiðjutogari.

Þá skar Egir á annan togvir brezka togarans Boston Blenheim frá Fleetwood rétt fyrir hádegi í gær. Togarinn var að veiðum 20 sjómilur austur af Hvalbak. Hann sinnti í engu itrekuðum aðvörnum. Þetta er 516 tónna skip.

Öðinn skar síðan klukkan hálf-fjögur á báða togvira brezka togarans Westella, sem var að

veiða í landhelgi í Vopnafjarðargrunni. Togarinn var margsinns aðvaraður, en hann sinnti því ekki. Westella er 770 t. frá Hull.

Framkvæmdastjóri sambands brezkra togaraeigenda, Austen Laing, kallar þessar aðgerðir ögrun við alþjóðadómstólinn í Haag. Dómstóllinn fjallar um þessar mundir um, hvort hann hafi lögsögu í landhelgisdeilunni. Ríkisstjórn Íslands ákvað að senda ekki fulltrúa til Haag til að verja sjónarmið Íslands. Sú afstaða byggist á þeirri skoðun, að dómstóllinn hafi ekki lögsögu í

málinu og skuli gerðir hans hafðar að engu. Laing segir, að Íslendingar séu „sem næst að veifa snöru framan í dómstólinn“.

Hér heima hafa margir gagnrýnt afstöðu ríkisstjórnarinnar að senda ekki fulltrúa til Haag og talið, að nú sé stada okkar nógu sterk til þess, að slíkt borgaði sig bezt, einkum eftir samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um réttindi strandríkja.

Laing segir, að togviraskurðurinn kosti togaraeigendur að minnsta kosti um 400 þúsund krónur. —HH